

Umhverfisstofnun
Áb. _____
12 maí 2015
Tilv. _____

Grímsnes-og Grafningshreppur
Skipulagsfulltrúi
Borg
801 Selfoss



Reykjavík 12. maí 2015
UST201505-043/B.S.
10.05.01

Efni: Efnistaka úr malarnámu - Stangarháls á Nesjavöllum. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 5. maí sl. þar sem óskað er umfangar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi. Orka náttúrunnar (ON) óskar eftir leyfi til að taka allt að 50.000 m³ á næstu árum vegna viðhalds vega og gerð nýrra borplana. Náman sem um ræðir er staðsett í móbergshrygg SV við virkjanasvæðið á Nesjavöllum. Náman er staðsett þannig að hún er ekki sýnileg frá virkjanasvæðinu. Náman hefur verið nýtt frá því framkvæmdir hófust við Nesjavelli. Umhverfisstofnun telur að umgengni um námuna hafi verið mjög góð til þessa og sérstaklega er lofsvert hversu vel staðsett náman er. Því er mikilvægt að vinna námuna með sama hætti og gert hefur verið til þessa. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

A. Birna Guð
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri